

Horft til framtíðar - Þróun á starfsumhverfi leikskóla

Hvernig verður markmiðum náð? - Matsáætlun

Hver er vandinn?

Samkvæmt lögum um leikskóla þá eiga leikskólakennarar að vera 2/3 af starfsmönnum deildarinnar. Samkvæmt því eiga leikskólakennarar á Ökrum að vera 9.20% en eru 4.90% þannig að Ökrum vantar leikskólakennara í 4.30 % stöðugildi.

Hver er hugmyndin?

Markmiðið með þessu verkefni er að fjölga leikskólakennurum á Ökrum um 4.30% stöðugildi þannig að við náum 2/3 leikskólakennara á deild eins og lög gera ráð fyrir.

Hver er breytingin?

Hugmyndi er að allir leikskólakennarar vinni frá kl. 8:00 – 14:00 inni á deildum en á milli 14:00 og 16:00 við undirbúning, samráð, fundi og foreldraviðtöl í framtíðinni.

Svala Guðmundsdóttir dósent við Háskóla Íslands verður verkefnastjóri yfir verkefninu. Hennar hlutverk verður að halda utan um undirbúningsvinnu sem við ætlum að fara í. Í henni felst að skipa í og stýra 4 til 5 rýnihópum. Hugmyndin er að fá foreldra, leikskólakennara, leiðbeinendur og sérfræðinga frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands og úr Menntamálaráðuneytinu í þessa rýnihópa.

Áætlað er að vinnan með rýnihópana og undirbúninginn byrji 1.september 2017 og mun hún standa yfir til 28. febrúar 2018.

Tengin við námskrá leikskólans

Tenging við skólanámskrá leikskólans

Við teljum þetta verkefni tengjast mörgu er viðkemur aðalnámskrá leikskóla hvað varðar innra starf. Má þar nefna aukin áhersla í samfélaginu á t.d. læsi, lýðræði, mannréttindi og jafnrétti. Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla er það hlutverk leikskóla að vera með fjölbreytt viðfangsefni og starfshætti til að koma á móts við mismunandi þarfir ólíkra einstaklinga og stuðla að alhliða þroska og velferð hvers og eins. Það hafa orðið miklar breytingar í íslensku samfélagi sem hafa bein og óbein áhrif á skólastarfið og með því hafa kröfur á leikskólann aukist og þar með á kennarana líka. Kennarar gegna lykilhlutverki í öllu skólastarfinu. Við teljum að með þessu vinnufyrirkomulagi þ.e. að kennarar séu inni á deild með börnunum alla daga til kl.14:00 og fari í undirbúning, samráð, fundi og foreldraviðtöl eftir það, eigi eftir að auðvelda kennurum að fylgja aðalnámskrá leikskóla af meiri metnaði. Kennararnir fá þá meiri tíma saman og þetta býður upp á meira samráð við skipulagningu skólastarfsins.

Ávinningur verkefnisins fyrir leikskólann og skólasamfélagið í Garðabæ

Samkvæmt námskrá leikskóla fer faglega starfið á Ökrum að mestu leyti fram frá klukkan 9:00 til klukkan 14:30. Deildarstjórum er ætlað að sinna fimm klukkutíma undirbúning í hverri viku sem þeir taka fyrir hádegi og öðrum leikskólakennurum er ætlað að sinna fjöggra tíma undirbúningi sem þeir taka einnig fyrir hádegi. Einu sinni í viku eru deildarstjórafundir og eru þeir yfirleitt milli klukkan 13:-14:00 og fara þá deildarstjórar út af deildinni. Við teljum mikinn ávinning fyrir leikskólann í heild að hafa leikskólakennara inn á deildum alla daga til klukkan 14:00. Eftir klukkan 14:00 munu allir leikskólakennarar taka undirbúninginn og einnig verða deildarstjórafundir ásamt samráðsfundum milli deilda sem við teljum að muni auka faglegt starf leikskólans sem heild. Auk þess munu leikskólakennarar geti unnið saman í hinum ýmsu verkefnum sem koma að leikskólastarfinu t.d. innra mat leikskólans og hin ýmsu verkefni sem inn á borð til okkar. Í dag höfum við lítinn tíma í samráð.

Við teljum að með þessu starfsumhverfi munum við fá meiri gæði í umsóknir leikskólakennara sem er mikill ávinningur fyrir leikskólann og Garðabæ.

Tímasett framkvæmdaráætlun - Helstu verkþættir - Hvenær eru þeir unnir?

Í september verður byrjað á undirbúningsvinnu með því að Svala Guðmundsdóttir mun koma og kynna verkefnið fyrir öllum starfsmönnum leikskólans. Síðan verður farið í vinnu með rýnihópum unnið úr því og búin til skýrsla fyrir áfrahaldandi vinnu. Í fylgiskjali er tímasett framkvæmdaráætlun.

